



Sýning á verkum Þorvaldar Þorsteinssonar var opnuð í Hafnarhúsinu í gærkvöld. Þar getur að líta teikningar, málverk, ljósmyndir, texta-, hljóð- og veggverk. Þorvaldur kallar sýninguna samsýningu og segist vona að hún sé skýrt dæmi um hvernig einn maður getur leyft sér að vera ekki heilsteyptur. Flest verkanna eru til sölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kannski á ég lítið erindi

”Megas er því lykilmaður að þessu leyti í mínu lífi því hann hjálpaði mér að gangast við tilfinningum mínum. Hefði hans ekki notið við hefði ég auðveldlega dagað uppi sem einhverskonar þriðja kynslóð af Snorra Hjartarsyni skrifandi og þriðja kynslóð af Súmurum, reynandi að búa til djúp myndverk sem gengju upp hugmyndafræðilega séð.

„Mér hefur tekist ótrúlega vel að gera bara það sem mér finnst skemmtilegt og koma mér hjá verkefnum sem ekki hámarka hamingju mína,“ segir Þorvaldur Þorsteinsson spurður út í yfirlýsingu hans í sýningarskrá um áætlanir og viðfangsefni. „Ég er auðvitað ekkert öðruvísi en aðrir menn að því leyti að ég þarf að gera fleira en gott þykir, t.d. að borga reikninga, gera skattskýrslu og sinna öðru daglegu streði. En þetta er spurning um viðhorf. Að setja sér sem markmið í lífinu að gera viðfangsefni áhugaverð. Það er mesta furða hvað hægt er að gera hversdagsleikann áhugaverðan ef maður bara setur sér það.“

Þorvaldur segir mikilvægt, eigi þetta að ganga eftir, að líta á umhverfi sitt sem hráefni og ákveða að maður sjálfur stjórni ferðinni. „Ég hef vanið mig á að það sé ég sem móta minn heim. Það er undir sjálfum mér komið hversu lengi ég dvel við leiddinleg eða sorgleg atvik af því að það er ég sem ræð. Auðvitað tekst þetta ekki alltaf en þetta hef ég lært og þetta notfæri ég mér.“

Hann samsinnir fullyrðingu blaðamanns um að fæstir velji sér þessa leið í lífinu og segir alltof marga böðlast í gegnum lífið. „Það er til gríðarlega mikið úrval af neikvæðni og sjálfsvorkunn í samfélaginu og ég tek svo sem þátt í því líka. En það er sorglegt þegar maður horfir á gott fólk verða að atvinnusyrgjurum,“ segir hann og vitnar til þriðju bókar sinnar um Blíðfinn þar sem samtíma Íslendingurinn er viðfangsefnið, maður sem er fastur í sínum vesældómi og vill helst hafa það þannig.

Beðið fyrir gestum

Þorvaldur situr ekki við orðin tóm, hann boðar og miðlar já-

kvæðni og geta sýningargestir meira að segja notið hennar með þráðbeinum hætti. Í einu verkanna gefst fólki kostur á að setjast í hægindastól, setja fæturna upp á fótaskemil og láta biðja fyrir sér. Dagskrá er við stólinn þar sem fram kemur hvaða einstaklingur, söfnuður eða trúfélag biður, þá og þá stundina, og getur fólk valið sér þá fyrirbiðjendur sem því líkar best.

„Það að setjast í stólinn er yfirlýsing um að fólk vilji þiggja aðstoð. Því gefst færi á að taka sjálft ákvörðun um að nýta sér þá hjálp eða góðu strauma sem eru í boði. Þetta er í raun til merkis um þetta dásamlega nútímasamfélag okkar þar sem við eigum öll hispurslaus-

an aðgang hvert að öðru. Það er engin skömm að því lengur að leita sér hjálpar og ræða vandamál sín. Og það er svo merkilegt hér á Íslandi hvernig allir hafa aðgang að öllum. Fólk tekur bara upp símann og pantar tíma. Það nær upp í topp í öllum deildum samfélagsins og þetta er ótrúlega lítið misnotað. Það má segja að það sé vel varðveitt, fallett leyndarmál hvernig fólk getur borið sig upp við hvern sem er í þessu landi.“

Málar af mikilli gleði

Margvísleg og ólík verk eru sýningunni. Þar eru málverk, teikningar og ljósmyndir, textar, hljóð- og vídeóverk auk innsetn-

inga af ýmsu tagi. Þorvaldi er mikið í mun að sýna fram á að hann sé ekki heilsteyptur. „Ég leyfi mér að gera hluti sem ég jafnvel kann ekki alveg, ég er t.d. ekkert sérlega góður málari í hefðbundnum skilningi en ég mála af mikilli gleði og þykir mjög vænt um málverkin mín. Ég nota líka ljósmyndir, bæði mínar eigin og eins myndir sem ég hef unnið með atvinnuljósmyndurum. Það má. Ég hef líka látið mig hafa það að vinna með fólki sem ég þekki ekki neitt. Ég hef leitað til stofnana eins og Sjónvarpsins og fyrirtækja á borð við Icelandair og það eru engar reglur sem banna mér það en það er oft ótrúlega djúpt á því



„Þorvaldur Þorsteinsson hefur alla tíð forðast að verða eitthvað. Hann hefur aldrei gert raunhæfa áætlun um líf sitt eða sett sér annað markmið en að sinna því sem honum finnst skemmtilegast að gera hverju sinni. Þannig telur hann sig best geta hjálpað öðrum í leitinni að sjálfum sér. Rétt eins og þegar flugfreyjan minnir okkur á að setja súrefnisgrímuna fyrst á okkur sjálf áður en við aðstoðum næsta mann. Þorvaldur hefur þannig markvisst komið sér hjá verkefnum sem ekki eru til þess fallin að hámarka hamingju hans.“ (úr sýningarskrá)